

# BÚRFELLSVIRKJUN

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

SKIPULAGSLÝSING



**Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>SKIPULAGSSVÆÐIÐ</b> .....	<b>3</b>
2.1	Staðhættir .....	4
<b>3</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b> .....	<b>4</b>
3.1	Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum .....	5
3.2	Umhverfisþættir .....	5
3.3	Helstu umhverfisviðmið .....	5
3.4	Áhrifaþættir .....	6
<b>4</b>	<b>DEILISKIPULAG</b> .....	<b>6</b>
4.1	Mannvirki .....	6
4.2	Samgöngur, námur og haugsvæði .....	6
4.3	Fornminjar og verndarsvæði .....	7
4.4	Mótvægisáðgerðir .....	7
<b>5</b>	<b>GILDANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR</b> .....	<b>7</b>
5.1	Aðalskipulag .....	7
5.2	Rammaskipulag fyrir Þjórsárdal .....	7
<b>6</b>	<b>SKIPULAGSFERLI</b> .....	<b>8</b>
6.1	Kynning og samráð .....	8
6.2	TÍMASETT ÁÆTLUN .....	8

## 1 INNGANGUR

Hér á eftir fer lýsing á deiliskipulagstillögu fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, skv. 2. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landsvirkjun hefur uppi áform um stækkun virkjunarinnar um allt að 140 MW.

Í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, með síðari breytingum, er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Markmið sveitarstjórnar er að nýta betur fall Þjórsár á svæði sem þegar er nýtt sem iðnaðarsvæði fyrir Búrfellsvirkjun.

Stækkunin er tilkynningaskyld skv. lögum um umhverfismat nr. 106/2000 og var tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem mat það að stækkunin hefði ekki umtalsverð umhverfisáhrif.

## 2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagið tekur yfir allt svæði Búrfellsvirkjunar núverandi byggingar og áætlaðar framkvæmdir vegna stækkunarinnar. Stærð skipulagssvæðisins er áætlað um 1.500 ha. Innan þess eru núverandi stöðvarhús, starfsmanna- og þjónustuhús, hesthús, golfvöllur, tengivirki og Bjarnalón, sem er miðlunarlón virkjunarinnar. Skilgreindar eru námur og haugsvæði, núverandi og nýir vegir, byggingareitir fyrir vinnubúðir, veitu og stöðvarmannvirki.

Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir léttan iðnað, t.d. verkstæði, smiðju eða gangaver en sú framkvæmd er ekki háð stækkun virkjunar.

Gert er ráð fyrir að vatn verði tekið úr inntakslóni Búrfellsvirkjunar og leitt um aðrennslisskurð fram á brún Samsstaðaklifs að stöðvarinntaki. Þaðan verða göng að neðanjarðarstöðvarhúsi og frárennslisgöng og frárennslisskurður frá stöðvarhúsi út í Fossá. Þá verður gert ráð fyrir nýjum námum og haugsvæðum og vegum að þeim.

Aðkoma að Búrfellsvirkjun er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg, Búrfellsveg eystri nr. 3365, sem liggur að þjónustuhúsi. Þaðan liggur vegur áfram til suðurs að stöðvarhúsi og verkstæði. Aðkoma að hesthúsi er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg. Bílastæði eru innan hverrar lóðar.



Mynd 1. Líkleg afmörkun deiliskipulagssvæðisins er sýnd með rauðri línu.

Fyrstu hugmyndir gerðu ráð fyrir þeim möguleika að stöðvarhús yrði annað hvort ofanjarðar í Sámsstaðaklifi eða neðanjarðar. Báðar útfærslur eru álíka hagkvæmar en stöðvarhús ofanjarðar yrði sýnilegt og umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar meiri. Af þeim sökum var tekin sú ákvörðun að stöðvarhúsið yrði neðanjarðar og kemur sá kostur því til mats á líklegum umhverfisáhrifum (kaflí 3).

## 2.1 STAÐHÆTTIR

Umhverfi Búrfellsvirkjunar er svipmikið þar sem Búrfell rís bratt upp frá lágum vikrum. Búrfell er 669 metra hátt. Rætur fjallsins eru ríflega 2 milljóna ára gömul basaltlög en kollur fjallsins er móbergsmýndun frá eldri hluta Ísaldar. Þjórsá rennur austan og sunnan með fjallinu og sunnan og suðaustan þess eru fossarnir Tröllkonuhlaup og Þjófafoss. Búrfell er víðast bratt, síst þó norðan megin en þar liggur vegur upp á fjallið að endurvarpsstöð sem þar er. Berggrunnur er frá fyrri hluta Ísaldar og er nokkuð flókinn að uppbyggingu. Jarðgrunnur í vikinu á milli Sámsstaðamúla og Búrfells er að miklu leyti þykkur bunki af gjóskulögum frá Heklu, en Tungnaárhraun er að finna á suðurbakka Fossár og fylla þau dalinn austan við Búrfell. Mælingar á lekt gefa til kynna að berglög séu þétt á framkvæmdasvæðinu. Með stækkun Búrfellsvirkjunar mun rennsli Þjórsár austan Búrfells minnka sem nemur virkjuðu rennsli. Gróður á áhrifasvæði virkjunar ber merki tíðra eldgosa og nýtingar. Syðst í Búrfelli er rani vaxinn birkiskógi og kallast hann Búrfellsskógur. Landsvirkjun, í samvinnu við Skórækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, hefur staðið fyrir umfangsmikilli skógrækt og uppgræðslu við Búrfell undanfarin ár. Algengir mófuglar sjást við Búrfell. Þjórsá er fiskgeng að Þjófafossi og í henni og Fossá eru bæði sjógöngustofnar og staðbundnir fiskistofnar.

Búrfellsvirkjun og byggingar tengdar virkjuninni eru vestan undir Sámsstaðamúla. Þetta eru stöðvarhús, tengivirki, skrifstofur og starfsmannaaðstaða ásamt verkstæði og vélaskemmu. Nokkrar 66 og 220 kW háspennulínur liggja að og frá tengivirki við Búrfellsvirkjun.

Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Gnúpverjahreppi, Árnæssýslu eru á náttúruminjaskrá, svæði nr. 731. Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauða mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.

Samkvæmt Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 njóta þau svæði sem tilgreind eru á náttúruminjaskrá einnig hverfisverndar. Sá hluti Fossár (svæði 731 í náttúruminjaskrá) sem rennur um framkvæmdasvæðið (merktur H6 í aðalskipulagi) er því bæði skilgreindur sem náttúruverndarsvæði og heyrir einnig undir ákvæði hverfisverndar. Ákveði hverfisverndar í aðalskipulaginu er; að mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðaþjónustu er almennt heimil en að þau einstöku náttúruvirkir sem eru á náttúruminjaskrá njóti friðunar. Stuðlað verði að bættu aðgengi að hinum einstöku náttúruvirkjum á svæðinu.

## 3 UMHVERFISÁHRIF

Vinsun áhrifaþátta er hefðbundin aðferð til að greina þá áhrifaþætti sem mestu skipta. Við mat áhrifa framkvæmdar hefur slík vinsun farið fram og þar er ákvarðað hvaða umhverfisþættir eru valdir til umfjöllunar.

### 3.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í 6. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000 er kveðið á um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Í viðauka er vísað til 5 og 6. gr. laganna um framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati, eru með öðrum orðum tilkynningaskyldar.

Skipulagsstofnun var send tilkynning um framkvæmdina. Í tilkynningunni var lýst þeim framkvæmdum sem þarf að fara í til að stækka Búrfellsvirkjun um allt að 140 MW. Þær framkvæmdir eru að stöðvarhús verði byggt neðanjarðar í Sámsstaðaklifi. Stöðvarhús mun hýsa eina eða tvær vélar sem nýta sama fall í Þjórsá og þær sex vélar sem eru fyrir í Búrfellsstöð. Í tilkynningarskýrslunni var mannvirkjum lýst og gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdar og rekstrar á umhverfisþætti.

Úrskurður Skipulagsstofnunar vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW er dagsettur í júlí 2013. Þar segir „að ljóst sé í öllum aðalatriðum hver umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni verða og að stækkun Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“.

### 3.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Við greiningu á þeim þáttum sem talið er að helst geti orðið fyrir áhrifum vegna breyttrar landnotkunar er horft til:

- Hagrænna og félagslegra þátta, þ.e. hvaða áhrif breytingin hefur á efnahag, atvinnulíf og þar með á byggð í sveitarfélaginu. Áhrif á útivist og ferðamennsku, samgöngur, þ.m.t. göngu- og reiðleiðir. Sérstaklega er horft til hvort og þá hvernig aukin orkuvinnsla nýtist sveitarfélaginu og öðru nærsvæði virkjunar.
- Náttúrufarslegir þættir, s.s. hvort breytingin hafi áhrif á landslag, jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- eða vatnalíf. Þá er horft til þess hvort breytingin hafi áhrif á hnattræn viðfangsefni sem ríkisstjórn hefur sett fram sem markmið í ritinu *Velferð til framtíðar*, s.s. kolefnisbúskap eða endurnýjanlega orku.
- Heilsa og öryggi, s.s. mengun í lofti eða vatni, hugsanleg náttúruvá vegna flóðs í farvegi Þjórsár.
- Náttúru og menningaminjar þar sem horft er til verndarsvæða. Meðal annars eru Þjórsárdalur og Fossá verndarsvæði, auk þess sem fossar njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga. Þá eru rústir Sámsstaðabæjarins friðlýstar.

### 3.3 HELSTU UMHVERFISVIÐMIÐ

Helstu viðmið sem horft er til þegar metin eru áhrif á umhverfisþætti eru stefnumörkun sem fram kemur í lögum og reglugerðum sem og alþjóðasamningar. Þá er horft til stefnu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. kemur fram í aðalskipulagi sveitarfélaganna og hinum ýmsu verndaráætlunum.

Í töflu 1 eru teknar saman þær stefnumarkningar sem lagðar eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Þessar stefnumarkningar eru notaðar sem umhverfisviðmið til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem tillagan hefur í för með sér.

Stefna	Stefnumörkun
Lög	Skipulagslög nr. 123/2010, mannvirkjalög nr. 160/2010, lög um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um menningarminjar nr. 80/2012, náttúruverndarlög nr. 44/1999.
Reglugerðir	Byggingareglugerð nr. 112/2012, skipulagsreglugerð nr. 90/2013, reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
Skipulagsáætlanir	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Velferð til framtíðar – stefnumörkun til 2020. Náttúruverndaráætlun, Náttúruminjaskrá.

Tafla 1. Helstu stefnumarkanir sem lagðar eru til grundvallar við umhverfismat deiliskipulagsins.

### 3.4 ÁHRIFAPÆTTIR

Vinsun áhrifapátta er aðferð til að greina þá þætti sem mestu skipta og þar með ákvarðað hvaða umhverfisþættir (kafla 3.2) eru valdir til umfjöllunar við mat áhrifa.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 2 hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Óviss	?	Óviss áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa.

Þeir valkostir sem gert er ráð fyrir að verði bornir eru saman eru eftirtaldir:

- Núll kostur, þ.e. Búrfellsvirkjun verður ekki stækkuð.
- Gert er ráð fyrir að vatn verði tekið úr inntakslóni Búrfellsvirkjunar og leitt um aðrennsliskurð fram á brún Sámsstaðaklifs að stöðvarinntaki. Þaðan verða göng að neðanjarðarstöðvarhúsi og frárennslisgöng og frárennslisskurður frá stöðvarhúsi út í Fossá. Þá verður gert ráð fyrir nýjum námum og haugsvæðum og vegum að þeim.

## 4 DEILISKIPULAG

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

### 4.1 MANNVIRKI

Gerð verður grein fyrir núverandi mannvirkjum Búrfellsvirkjunar og þeim mannvirkjum sem tengjast stækkun virkjunarinnar, bæði varanlegum mannvirkjum og einnig þeim sem einungis verða á svæðinu meðan á framkvæmdum stendur s.s. vinnubúðir.

### 4.2 SAMGÖNGUR, NÁMUR OG HAUGSVÆÐI

Aðkoma að Búrfellsvirkjun er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg. Gerð verður grein fyrir nýjum vegum og vinnuvegum í deiliskipulaginu. Einnig verður gerð grein fyrir námum og haugsvæðum.

Þá verður gerð grein fyrir stígagerð og svæðum sem tengjast munu útivist

### 4.3 FORNMINJAR OG VERNDARSVÆÐI

Fornleifastofan hefur skráð fornminjar á svæðinu. Rústir Sámsstaðabæjarins eru friðlýstar og eru innan framkvæmdasvæðisins. Gerð verður grein fyrir verndun hans svo rústirnar skaðist ekki af vangá. Einnig er Fossá og nágrenni hennar á náttúruminjasrá og hverfisvernduð.

### 4.4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR


Gerð verður grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdanna og einnig frágangi eða landmótun svæðisins að framkvæmdum loknum.

## 5 GILDANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Framkvæmdasvæði Búrfellsvirkjunar er allt innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps en áhrifasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

### 5.1 AÐALSKIPULAG

Gerð var breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna stækkunar virkjunarinnar. Breytingin er dagsett í mars 2014, staðfest í maí 2015. Búrfellsvirkjun og athafnasvæði hennar er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I1a) í aðalskipulaginu. Í breyttu aðalskipulagi er einnig gert ráð fyrir tveimur nýjum námum, E8 og E9.



Mynd 2. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, með síðari breytingum.

### 5.2 RAMMASKIPULAG FYRIR ÞJÓRSÁRDAL

Skeiða- og Gnúpverjahreppur lét vinna rammaskipulag fyrir útivist og ferðapjónustu í Þjórsárdal. Í rammaskipulaginu eru m.a. skilgreindar göngu- og reiðleiðir í nágrenni Búrfellsvirkjunar, s.s. í Búrfellsskóg og á Búrfell. Þá er gert ráð fyrir brú yfir Þjórsá skammt fyrir ofan Þjófafoss. Brúnni er ætlað að þjóna göngu-, hesta- og hjólreiðafólki og tengja saman leiðir í Þjórsárdal og svokallaða Hellismannaleið, ásamt öðrum göngu- og reiðleiðum á Fjallabakssvæðinu og í Landsveit.

Rammaskipulagið gerir einnig ráð fyrir að núverandi hverfisverndarsvæði, sem nær til Fossár og gervigígasvæðis vestan hennar, verði stækkað og nái yfir gervigíga sem eru sunnan Þjórsárdalsvegur suður undir Hjálparfoss, bæði austan og vestan Fossár. Gert er ráð fyrir nýrri gistiaðstöðu fyrir ferðamenn í nágrenni við Þjóðveldisbæinn eða Búrfellsvirkjun.

## 6 SKIPULAGSFERLI

### 6.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagið verður unnið í samráði verkkaupa og sveitarfélags. Á vinnslutíma mun tillagan verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn:

- Áætlað er að kynna drög að deiliskipulagi fyrir sveitarstjórn/skipulagsnefnd í maí/júní.
- Tilaga verður kynnt íbúum áður en tillagan verður tekin formlega fyrir í sveitarstjórn.

Þá verður haft samráð við landeiganda, forsætisráðneytið er landeigandi þar sem svæðið er innan þjóðlendu e; Búrfells- og Skeljafellssvæði. Hafa verður samráð við minjavörð til að tryggja að friðlýstar minjar og aðrar þjóðminjar, ef einhverjar eru, verði ekki fyrir áhrifum af völdum framkvæmda.

Samráðs- og umsagnaraðilar eru þessir:

- Rangárþing ytra
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landgræðslan
- Hekluskógar / Skógræktin
- Matvælastofnun (sauðfjárveikivarnir)
- Fiskistofa
- Landeigandi (Forsætisráðneytið)

### 6.2 TÍMASETT ÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagið verði unnið ár árinu 2015. Helstu áfangar verkefnisins eru settir fram í eftirfarandi töflu:

	2014	2015			
	Nóv.- des.	Jan.- mars	Apr.- jún.	Júl.- sept.	Okt.- des.
Gagnasöfnun					
Skipulagslýsing og kynning					
Deiliskipulag kynning / auglýsing					
Deiliskipulag - afgreiðsla					

Hellu 30. apríl 2015

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt FÍLA